

EFTIRLITSSKÝRSLA

Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði Fáskrúðsfirði



Dags eftirlits	4.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Hafnargötu 1, Fáskrúðsfirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	581201-2650	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Ásgrimsson	ÍSAT nr.	15.20.72
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	735718,92 501484,078

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Efni í efnageymslu eru ekki öll geymd á viðurkenndan hátt. 2) Grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var ekki skilað á tilskildum tíma. 3) Útstremisbókhaldi fyrir árið 2022 var ekki skilað á tilskildum tíma. 4) Frárennslismælingar voru ekki gerðar árið 2022. Þrjár ábendingar voru gerðar: 1) Ílát með ediksýru eru geymd utandyra. Huga þarf betur að árekstravörnum. 2) Tryggja þarf að öll tilskilin öryggisblöð séu til staðar þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð. 3) Reikna þarf rúmtak lekavarnabróar sem lýsisgeymar eru í. Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði. Engin vinnsla var í gangi þegar eftirlitið fór fram.

Fiskimjölsverksmiðja Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 17. september 2014 og gildir til 17. september 2030.

Starfsleyfið heimilar að framleitt sé „fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum, sem ætlaðar eru til vinnslu í verksmiðjunni. Verksmiðjunni er einnig heimil flokkun á fiski og hrognataka og að nýta í framleiðslu sína frákast frá þeirri vinnslu. Rekstraraðila er heimilt að framleiða úr allt að 1.000 tonnum af hráefni á sólarhring.“

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
 2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
 3. Áhættumat til ákvörðunar á tiðni eftirlitsferða
 4. Kynningar á fylgiskjöldum
 5. Önnur mál
 6. Skoðunarferð
-
1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
 - A) Tvö frávik komu fram í eftirliti árið 2022. Þeim var báðum lokað áður en kom að eftirliti ársins 2023.
 - B) Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirliti ársins 2022. Ábendingarnar snéru að: 1) Geymslu efna, 2) Mælingum á TVN-gildum. 3) aðgengi að öryggisblöðum. 1) Geymslu efna er enn ábótavant. Efni í efnageymslu eru mörg hver án viðeigandi lekavarna auk þess sem ílát með ediksýru eru geymd utandyra. Gerð er krafa um að efni í efnageymslu standi á lekabyttum eða á annan hátt sé mengunarhætta takmörkuð eins og kostur er. Rekstraraðila er bent á að kanna möguleikann á að verja ílát með ediksýru betur eða finna hentugri geymslustað fyrir sýruna. 2) Farið var yfir skráningar á niðurstöðum TVN-mælinga og skil á þeim til eftirlitsaðila. Mæla skal að lágmarki einu sinni á dag og alltaf þegar skipt er um hráefnisgeymslu eða farm. 3) Öryggisblöð í efnageymslu eru aðgengileg, en rekstraraðila er bent á að tryggja að öll tilskilin öryggisblöð séu til staðar þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð.
 - C) Frá síðasta eftirliti hefur Umhverfisstofnun fengið tvær tilkynningar um grút á firðinum, annars vegar 28. ágúst 2022 og hins vegar 9. ágúst 2023. Myndir sem bárust eftirlitsaðila, voru skoðaðar og farið yfir hvað gæti hafa orsakað grútarmengunina. Ekki er talið að grúturinn komi úr starfsemi fiskimjölsverksmiðjunnar.
 2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
 - A) Grænu bókhaldi var skilað þann 1. júní sl. sem er eftir að frestur til þess rann út.
 - B) Útstremisbókhaldi var skilað þann 8. maí sl. sem er eftir að frestur til þess rann út.
 - C) TVN-mælingum hefur verið skilað í samræmi við kröfur í starfsleyfi. Árið 2022 mældist TVN aldrei yfir 100 mg N/100 g.
 3. Áhættumat til ákvörðunar á tiðni eftirlitsferða
Áhættumatið var uppfært miðað við núverandi stöðu.

4. Kynningar á fylgiskjöldum

Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg, kynning á nýrri gjaldskrá UST og kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits, sem fylgdu fundarboðinu, voru ræddar.

5. Önnur mál

- A) Farið var yfir nýendurskoðaða viðbragðsáætlun Loðnuvinnslunnar um varnir gegn mengun hafs og stranda.
- B) Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar og var tryggingaskírteini því til staðfestingar sent eftirlitsaðila að eftirlitinu loknu.
- C) Allir tankar rekstraraðila sem lýsi er geymt í (þ.e. L2-L6) voru þykktarmældir árið 2021. Tankur L1 er ekki notaður fyrir lýsi og var farið yfir að þykktarmæla þarf hann áður en lýsi verður sett í hann aftur. Ekki var gerð athugasemd við notkun tanka L2-L4. Nýr botn var smíðaður í tank L5 og gert var við bolla sem myndast höfðu í neðsta umfari hans. Gert var við djúpa bolla sem myndast höfðu í tanki L6. Öllum viðgerðum er lokið og geymarnir hafa verið teknir í notkun.
- D) Niðurgrafen lýsislögnum sem var á lóðinni hefur verið aflögð og ný ofanjarðarlögn tekin í notkun í staðinn. Engar niðurgrafnar lýsislagnir eru nú á lóð rekstraraðila.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnaði og lóð rekstraraðila. Auk þess sem fram hefur komið er rekstraraðila bent á að kanna rúmtak lekavarnaþróar sem lýsisgeymar eru í, en ein hlið hennar samanstendur af steyptum vegg (sem er lægri en aðrir veggir þróarinnar) og húsvegg sem ekki er víst að sé lýsisheldur eins og krafa er um.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 2.24 í starfsleyfi

Efni í efnageymslu eru án viðeigandi lekavarna.

gr. 3.3 í starfsleyfi

Grænu bókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma.

gr. 3.3 í starfsleyfi

Útstreymisbókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma.

gr. 3.2 í starfsleyfi


Fita, svifefni og COD í frárennsli verksmiðjunnar var ekki mælt árið 2022.

ÁBENDINGAR

Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- 1) Ílát með ediksýru standa óvarin utandyra. Kanna þarf hvort mögulegt sé að verja ílátin til að takmarka hættu á að ediksýra komist út í umhverfið, en að öðrum kosti þarf að finna hentugri geymslustað fyrir sýruna.
- 2) Tryggja þarf að í efnageymslu séu öryggisblöð fyrir öll efni sem þar eru geymd. Auk þess þurfa öryggisblöð að vera tiltæk þar sem efni eru notuð.
- 3) Reikna þarf rúmtak lekavarnaþróar sem lýsisgeymar eru í.

Reykjavík, 31.10.2023


Freyr Ævarsson

bls. 4

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.